



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um öryggismál á Laugarásvegi

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 22. febrúar sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Hvenær verður bætt úr hraðamerkingum á Laugarásvegi? Hámarkshraði á Laugarásvegi var lækkaður í 30 km./klst. fyrir nokkru síðan. Það eru hins vegar engar merkingar um það, hvorki á skiltum né götu. Þrátt fyrir að hámarkshraði er merktur þar sem að 30 km svæði byrjar eða á mörkum þess, þá er algjörlega nauðsynlegt að hafa mjög sýnilegar aukamerkingar á Laugarásvegi. Það þyrftu því bæði að vera sérskilti og málað á götuna. Þetta er ein lengsta íbúðargata í hverfinu sem veldur því að bílar keyra iðulega mjög hratt og langt umfram hámarkshraða á götunni. Það eru hvorki skilti né merkingar á götunni. Óbreytt ástand er ekki ásættanlegt og tímaspursmál hvenær þarna verður alvarlegt slys. Fulltrúi Flokks fólksins hefur ítrekað bent á þetta enda berast ábendingar reglulega frá íbúum sem eru mjög áhyggjufullir

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 8. mars sl.

Svar:

Eins og kemur fram í fyrirspurninni þá liggur Laugarásvegur djúpt inni í 30 km/klst svæði. Við upphaf þess eru merki um að 30 km/klst svæði hefjist. Samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra skulu hámarkshraðaskilti vera við upphaf viðkomandi svæðis Ekki er mælt með því að hafa slík skilti á öðrum stöðum. Merkingar hafa verið málaðar í götu um 30 km/klst hámarkshraða. Merkingarnar eru þó orðnar nokkuð máðar en verða uppfærðar með öðru almennu viðhaldi á yfirborðsmerkingum í borginni.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri